

Guðmundar- og Geirfinnsmálin:

Gátu ákærðu komist til Keflavíkur miðað við tímamörk?

— Páll A. Pálsson hdl. telur svo ekki vera

FRI — Málflutningur fyrir Hæstarétti í Guðmundar- og Geirfinnsmálinum hélt áfram í gærmorgun og hóf Páll A. Pálsson hdl. fyrstur af vörninni sinn málflutning en hann er verjandi Kristjáns Víðars Víðarssonar. Þetta mun vera prófmál Páls fyrir Hæstarétti.

Hann krafðist sýknu Kristjáns í Guðmundar- og Geirfinnsmálinum og vægustu refsingar fyrir önnur brot en hin ákærðu eru einnig fundin sek um þjófnaði, skjalafals og fíkniefnasmygl.

Kvað hann skjólstæðing sinn staðfastlega hafa haldið fram sakleysi sínu í Guðmundarmálinu og engar óyggjandi sannanir séu fyrir hendi í því máli um morð Guðmundar sem Kristján á að hafa átt hlut í.

Ósamræmi framburða

Kristján dró játningu sína til baka 27.9. 1976 en Páll sagði að hann hefði fyrst reynt að draga hann til baka þann 12. maí sama ár. „Hvers vegna játaði hann upphaflega“, spurði Páll. „Vegna þess, að lögreglan fór fram á það“, sagði Kristján. Ennfremur mun hann hafa sagt að hann og aðrir í málinu hefðu verið látnir hjálpast að, að muna atburði er ekki áttu sér stað.

Í vörn sinni benti Páll á ósamræmi sem var í framburðum ákærðu áður en þau drógu þá til baka. Ýmist Sævar, Tryggvi eða Kristján áttu upptökin að meintum átökum við Guðmund

og ekkert samræmi er um hver greiddi Guðmundi banahöggð ef það var þá greitt.

Einnig gagnrýndi Páll harðlega sakbendingu þá er fór fram í málinu, en tvær stúlkur er kváðust hafa séð mann á gangi með Guðmundi umrætt kvöld, 26. jan. 1974. voru kallaðar í sakbendingu. Aður þá höfðu dagblöð verið full af myndum af Kristjáni og eftir sakbendinguna þá sáu þær Kristján einan áður en þær fóru til yfirheyrslu.

Páll fjallaði nokkuð um frakka þann er Kristján átti að hafa verið í umrætt kvöld. Sá frakki var tekinn til rannsóknar og fannst á honum blóðblettur sem reyndist vara í A-flokki. Blóðið gat ekki hafa komið úr Kristjáni en blóðflokkur Guðmundar gat hafa verið annað hvort A eða AB. Benti Páll á að stór hópur manna gæti verið í A-flokki og að Kristján hefði lent í bílslysi með öðrum sem blóðið gæti verið úr auk þess sem að frakkinn hefði verið lengi í notkun.

Páll kvað vitnisburði og framburði hinna ákærðu í þessu máli ekki vera áreiðanlega en allan vafa ætti að dæma þeim ákærða í vil.

Ýmsar málsbætur

Ef niðurstaða dómsins væri að Kristján væri sekur í þessu máli þá sagði Páll að benda mætti á atriði er væru Kristjáni til málsbóta. Hér væri ekki um ásetning að ræða hverjum dytti í hug að deyða mann út af á-

fengisfríldi. Kristján átti ekki upptökin að meintum átökum, ekki er hægt að segja fyrir um það að Kristján vissi um áhrif högga sem hann á að hafa gefið Guðmundi.


Í sambandi við varakröfur ríkissaksóknara þá benti Páll á að ekki á að dæma ákærða fyrir aðrar sakir en um getur á ákæruskjali.

Geirfinnsmálið

Eins og áður er getið krafðist Páll einnig sýknu Kristjáns í Geirfinnsmálinu. Í umfjöllun sinni um það mál benti Páll m.a. á óáreiðanleika prófunar þeirrar er lögreglan framkvæmdi á ferðum þeirra Erlu og Sævars fyrr um kvöldið og þeirra fjögurra Erlu, Sævars, Kristjáns og Guðbjóns síðar um kvöldið. Lögreglan notaði Volvo bifreið til þess að tímasetja ferðir hinna ákærðu þann 19. nóv. 1974.

Þau Sævar og Erla voru ásamt móður Sævars á kvikmyndasýningu á Kjarvalsstöðum. Sýningin stóð til um kl. 20.40 en þau skoðuðu ljósmyndasýningu á sama stað á eftir og hafa ekki yfirgefið Kjarvalsstaði fyrr en um kl. 21. Vitni hafa borið um þetta atriði. Páll taldi það ólíklegt að þau hefðu þotið út í bil sinn strax eftir sýninguna. Síðan keyrðu þau móður Sævars heim til sín og skiptu um mál. Þar á eftir var Kristján sóttur og síðan farið til Keflavíkur.

Lögreglan framkvæmdi þessa



Páll A. Pálsson hdl. flytur vörn sína í gær Tímamynd G.E.

ökufærð og tók hún um 70 mín., þ.e. keyrsla milli staða í Reykjavík og ökuferð til Keflavíkur. Kvað Páll að meðalhraði lögreglunnar hefði verið um 85 km á klst. sem er mikill hraði. Ákærðu áttu hins vegar að hafa farið þessa ferð í kraftminni bil með tveimur fleirum farþegum, lögreglumennirnir voru tveir.

Sagði Páll að ef þau hefðu farið þessa ferð þá hefði það tekið

að sínu álitu um 90 mín. og því hefðu þau ekki getað verið í Keflavík kl. 22.10 en þá var hringt í Geirfinn.

Auk þess benti Páll á að lýsing afgreiðslustúlkunnar í Hafnarbúðinni ætti alls ekki við Kristján en hann á að hafa hringt í Geirfinn. Lýsing stúlkunnar er að þetta hafi verið meðalmaður grófur í andlits-

Framhald á bls. 23

30 atriði í Guðmundarmálinu óljós um áramót 1976 - 77

— Jón Oddson hrl. verjandi Sævars finnur margt að rannsókn Guðmundarmálsins

FRI — Á eftir Páli A. Pálssyni hdl. hóf Jón Oddson hrl. málflutning sinn í málinu en hann er verjandi Sævars Marinó Ciesielski. Hann náði aðeins að tala um hluta Guðmundarmálsins áður en réttarhöldunum var frestað fram á mánudagsmorgun. Jón krefst sýknu Sævars í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu en vægustu refsinga í öðrum málu er Sævar hfur játað á sig sök í.

Í umfjöllun sinni um Guðmundsmálið gagnrýndi Jón mjög hvernig staðið var að rannsókn þess máls en aðeins tveir menn auk dómarar unnu að málinu og þeir leituðu ekki aðstoðar kollega sinna. Þetta m.a. leiddi til þess að rannsóknarlögreglu ríkisins var falið að kanna 30 óljós atriði í málinu um áramótin 1976-77.

Í málflutningi sínum greindi Jón frá skýrslu móður


Guðmundar er hann taldi að kanna hefði átt nánar það er fram kom í henni. (sjá forsiðu)

Einnig greindi hann frá framburði annara vitna sem hann taldi ástæðu til að kanna. Ir hefðu verið nánar. Það voru vitni er voru saman í bil um rædda nótt, 26. jan. Ekkert samræmi var í framburði þeirra vitna og urðu þau margsaga gátu ekki komið sér saman um hvernig bil þau hefðu verið í eða með hvaða hætti fundum þeirra Guðmundar bar að.

Fjarvistarsönnun Sævars

Í máli sínu sagði Jón að Sævari hefði staðfastlega verið neitað um að sanna fjarvist sína umrætt kvöld en Sævar mun hafa haldið sakleysi sínu fram og verið þrýst til að játa í málinu.

Framhald á bls. 23



Einar G. Baldvinsson við verk sín frá sjávarsíðunni. Tímamynd Tryggvi.

Yfirlitssýning Einars G. Baldvinssonar

Sjávarselta og sólskin á Kjarvalsstöðum

Það var mikil litadýrð í vestursal Kjarvalsstaða er Einar G. Baldvinsson, listmálari, var að leggja síðustu hönd að upphengingu yfirlitssýningar verka sinna, sem opnuð verður í dag. Það fer ekki mikið fyrir þessum fágáða og hlédræga listamanni í dagsins önn og brambolti þeirra sem aldrei finnst sviðsljósið skína nægilega skært á þá, en sýnilegt er að Einar hefur ekki setið auðum höndum síðasta áratuginn því allfelstar myndanna á yfirlitssýningunni hafa orðið til síðan hann sýndi okkur verk sín síðast árið 1971.

Breyting hefur orðið á þótt listamaðurinn sæki enn hug-

myndir að verkum sínum á svipaðar slóðir og fyrr, að sjávarströndinni. Dempaðir litir og drungalegt veðurfar hefur orðið að vikja fyrir sólskini og björtum litum. Sjávarþorp, aðgerð á fjörubambnum, konur að hengja út þvott í stinningskalda og umhverfi alls þessa eru helstu yrkisefni Einars, en hann er ekki alveg við eina fjölinu felldur hvað varðar val á viðfangsefnum og getur þess vegna allt eins brugðið sér upp í sveit, eða sýnt okkur hroðalegar afleiðingar vopnaskaks grimmlyndra manna.

Á yfirlitssýningunni eru 90 ollu myndir, sumar frá upphafi listamannsferils Einars G. Baldvins-

sonar, en þorri þeirra frá síðasta áratug og eru því málaðar frá því að hann sýndi síðast í Bogasalnum. Af þessum myndum eru aðeins 13 faltar, hinna eru allar í einkaeign og má af því draga þá ályktun að starf listmálarans er metið af þeim sem fá tækifæri til að kynna verkum hans þótt þau séu að jafnaði ekki borin á torg.

Auk ollu myndanna eru á sýningunni 41 oliukrítarmynd og að sögn Einars eru þær allar nýjar af nálíni og hafa enn ekki verið klófestar af listunendum.

Rétt er að geta þess að yfirlitssýningin verður opin í aðeins rúma viku og stendur hún yfir til sunnudagsins 27. janúar n.k. 0.0